Ed. **411. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

Því verður nú ekki með rökum móti mælt, að hvorttveggja hafi verið mjög af skornum skamti, bæði tíminn, sem háttv. Nd. hefir leift handa þessari háttv. deild til athugunar og meðferðar á fjárlagafrumvarpinu, sem og fjeð, sem hún hafði af að miðla.

Eins og kunnugt er, var 1. umr. fjárlagafrumvarpsins háð í hv. Nd. 10. febr. og frv. þá vísað til fjárveitinganefndar þeirrar deildar. En 13. apríl,

eða rjettum 9 vikum síðar, var 3. umr. lokið í þeirri deild og frv. þá afgreitt til þessarar háttv. deildar.

Það var því nefndinni þegar ljóst, að ef þinglausnir ættu ekki að dragast von úr viti, þá varð hjer að hafa meiri hraða á borði með afgreiðslu fjárlagafrv. en átt hafði sjer stað i háttv. Nd , enda verður nefndin að telja sjer það til hróss, að hún hafi verið sæmilega hraðvirk, án þess að hún þó vilji viðurkenna, að hún hafi verið að sama skapi hroðvirk.

Að því er snertir útgjöld frv., sá nefndin það þegar, að hendur hennar voru æðibundnar og að hún hafði ekki miklu fjármagni úr að spila.

Þegar frv. var lagt fyrir háttv. Nd., voru tekjur áætlaðar samtals kr. 10442100,00. En þegar frv. kom frá deildinni, var áætlun teknanna orðin kr. 10834134,00, eða með öðrum orðum kr. 392034,00 hærri en þær voru áætlaðar í stjórnarfrumvarpinu.

Nefndin þóttist því sjá, að ekki kæmi til mála að hækka tekjubálkinn til þess með þeim hætti að afla sjer fjár til aukinna útgjalda, og það því siður, sem meiri hluti nefndarinnar telur tekjuáætlun Nd. frekar óvarlega en varlega á sumum liðum, enda þótt nefndin öll fjellist á það að láta hana haldast óbreytta, vitanlega á ábyrgð háttv. Nd., sem frá henni hefir gengið.

Hins vegar þegar kom til útgjaldabálksins, fanst nefndinni einnig, að svigrúm það, sem þessari háttv. deild var ætlað, væri einnig ærið takmarkað.

Í frv., þegar það kom frá hæstv. stjórn, voru gjöldin talin samtals kr. 10397293,80 og tekjuafgangur kr. 44806,20. En þegar frv. kom frá háttv. Nd., eru gjöldin orðin kr. 11032371,80 og tekjuhallinn þar af leiðandi orðinn kr. 198237,80. Og eru þó gjöldin vantalin um kr. 10000,00 bæði af hæstv. stjórn og háttv. Nd. — eins og fyrsta breytingartillaga vor ber með sjer — og tekjuhallinn þar af leiðandi 10 þús. kr. hærri en í frv. stendur.

Það, sem háttv. Nd. hafði þannig aukið útgjaldahlið frumvarpsins, nam samtals þessum upphæðum:

1. Tekjuafgangur stjórnarfrumvarpsins . . .	kr.	44806,20
2. Hækkun á tekjubálkinum	—	392034,00
3. Tekjuhalli frumvarpsins	—	198237,80
Alls	kr.	635078,00

eða með öðrum orðum miklu meira en hálfri miljón króna.

Nefndinni duldist það því engan veginn, að hjer var úr vöndu að ráða. Henni var það næsta óljúft að þurfa að hækka tekjuhallann miklu meira en hann var þegar orðinn. Hins vegar fann hún það, að ýmsar fjárbeiðnir lágu fyrir, sem háttv. Nd. hafði gengið fram hjá, en voru að nefndarinnar áliti engu síður rjettmætar en margar af þeim fjárbeiðnum, sem áheyrn höfðu fengið. Varð það því að ráði hjá nefndinni, ýmist að fella niður, ýmist að lækka nokkra af þeim útgjaldaliðum, sem komist höfðu inn i háttv. Nd., til jafnvægis á móti þeim nýju útgjaldaliðum, sem nefndin sá sig til neydda að bæta inn í frumvarpið.

Og þegar samanburður er gerður á þeirri hækkun og lækkun, sem nefndin leggur til að gerð sje á útgjaldahlið frumvarpsins, verður útkoman þessi:

Hækkun	kr. 66585,00
Lækkun	— 54000,00
Mismunur	kr. 12585,00

sem verður þá aukning tekjuhallans eftir tillögum nefndarinnar, þó að frádregnum þeim 10 þús. kr., sem að framan greinir og ekki eru útgjaldaauki skapaður af nefndinni, heldur leiðrjetting á reikningsskekkju í frumvarpinu. Og þótt tillögur nefndarinnar, sjerstaklega þær, sem miða til lækkunar, kunni að verða ýmsum þyrnir í augum, þá verður nefndin að vera þeirrar skoðunar, að eftir því sem fyrir liggur, verði þess naumast vænst, að henni hefði tekist að leysa betur af hendi hlutverk sitt en hún hefir gert.

Að svo mæltu skulum vjer leyfa oss að fara nokkrum orðum um hinar fyrirliggjandi breytingartillögur.

I.

Fyrsta breytingartillaga nefndarinnar er við 7. gr. frumvarpsins. Og virðist hún ekki þurfa frekari skýringa en þegar hefir verið vikið að.

II.

Næst koma tvær breytingar við 11. gr. Fyrri breytingartillagan er engin efnisbreyting, heldur aðeins til skýringar. Síðari tillagan fer fram á 7 þús. kr. lækkun, sem virðist forsvaranleg með tilliti til þess, að fram gangi frumv. til laga um breytingar á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, sem nú liggur fyrir þinginu.

III.

Koma þá því næst tvær tillögur við 12. gr., er báðar miða til lækkunar. Að þvi er snertir fyrri liðinn, sem nefndin leggur til að falli, þá er það ljóst, að hjer er um of litla upphæð að ræða til þess að slikur maður, sem hjer um ræðir, geti á henni lifað. Fengi upphæð þessi að standa óhreyfð, er viðbúið, að hún yrði vísir til nýs og kostnaðarsams embættis, sem meiri hluti nefndarinnar telur ekki brýna þörf á að stofna nú að svo komnu. — Síðari tillaga nefndarinnar stafar af þvi, að nefndin er þeirrar skoðunar, að fái sjúkrastyrkur sá að standa óhreyfður, sem hjer ræðir um, þá geti hann orðið hættulegt fordæmi.

IV.

Við 13. gr. frumvarpsins hefir nefndin leyft sjer að gera nokkrar breytingartillögur, sumpart til hækkunar og sumpart til lækkunar.

Nefndin lítur svo á, og hefir þar til samþykki vegamálastjóra, að brýn þörf sje á því að veita nokkurt fje til aukningar Stykkishólmsvegarins. Er það hvorttveggja, að langur tími er nú liðinn siðan nokkuð hefir verið við hann aukið og íbúar Hnappadals- og Snæfellsnessýslu sunnan fjallgarðs, sem ætlað er með timanum að hafa not þessa vegar, eru sjálfsagt þeir menn hjer á landi, er eiga einna erfiðasta aðstöðu með tilliti til samgangna bæði á sjó og landi. — Langadalsveginn telur og nefndin þörf á að lengja nokkuð, til þess að hann

komi að fullum notum, og leggur því til, að veitt verði nokkur upphæð til hans. Þá telur og nefndin rjett að veita nokkurn styrk til húsabóta á Hliðarenda í Fljótshlíð, til þess að sá merki staður verði ekki framvegis svo miklu ver hýstur en aðrir bæir á næstunni og eitthvað af þeim mörgu gestum, innlendum og útlendum, sem á hverju sumri koma þangað til að skoða þennan forna og merka stað, geti fengið þar gistingu, en þurfi ekki að hröklast, máske siðla kvölds, eitthvað út eða austur til þess að leita sjer næturgistingar. Fyrir háttv. Nd. er nú að vísu þingsályktunartillaga um það, að ríkissjóður kaupi Hliðarenda. En þótt svo færi, að slík tillaga yrði samþykt í báðum deildum, þá kemur það eigi að neinu leyti í bága við þessa tillögu nefndarinnar, þar eð tilætlunin er sú, að ef úr slikum kaupum yrði, þá dragist þessi styrkupphæð frá verði jarðar og húsa.

En um leið og nefndin leggur til, að þessar hækkanir sjeu gerðar á 13. gr., ætlast hún til, að háttv. deild samþykki nokkrar lækkanir. Er þar fyrst að telja útgjöldin til brúargerða, er nefndin telur forsvaranlegt að lækka um 10 þús. krónur. Nefndin er þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir þessa lækkun muni, bæði vegna lækkandi verðs á sementi og væntanlegrar kaupgjaldslækkunar, verða hægt að byggja allar þær brýr, sem háttv. Nd. hefir miðað fjárveitingu sína við. En bregðist það, verður afleiðingin sú, að bygging þeirra brúa, sem að áliti vegamálastjórnar þolir helst bið, verður að dragast árinu lengur.

Upphæð sú í 13. gr. B. X., sem nefndin leggur til að falli burt, er að vísu smá. En þar sem hjer mun vera um lögferju að ræða, gerir nefndin ráð fyrir, að það muni geta dregið einhverja dilka eftir sjer, ef upphæð þessi fengi að standa.

Þá gerir og nefndin ráð fyrir, að lækkaður verði liðurinn 13. gr. D. II., 330 þús. til nýrra símalagninga, um 15 þús. króna, sem svarar til þeirrar upphæðar, sem ætluð hefir verið til lagningar Loðmundarfjarðarsimans. Símalagning þessi hefir ekki verið ákveðin samkvæmt hinum upphaflegu tillögum simastjóra, heldur er það viðbót, sem komist hefir inn í háttvirtri neðri deild. Og þótt hlutaðeigendum þyki það vitanlega miður, að simalagning þessi þurfi að dragast um eitt ár enn þá, þá virðist nefndinni, þó fjárveiting þessi falli niður í þetta sinn, að þá verði þó Norður-Múlasýsla allvel úti í þessum fjárlögum, samanborið við önnur hjeruð, þar sem hún fær í sinn hlut kr. 27500.00 til Hróarstunguvegarins — 12500 krónum meira en ákveðið var í stjórnarfrumvarpinu — og 24 þús. krónur til brúargerða, sem ekki var heldur gert ráð fyrir í frumvarpinu frá hendi stjórnarinnar. Auk þess má búast við því, að efni og vinna falli svo í verði, að unt verði að fullgera alla símana, sem neðri deild hafði hugsað sjer, þótt áætlunarupphæðin lækki um þessar 15 þús. kr.

V.

Við 14. gr. gerir nefndin ráð fyrir nokkrum breytingum. Er þar fyrst að telja athugasemd við 14. gr. A. b. 4, samhljóða athugasemd, er borin var fram í háttv. Nd., en náði þar ekki samþykki. Nefndin er einhuga þeirrar skoðunar, að svo gæti farið, að það hefði mikilsverða þýðingu til aukningar og eflingar kristilegu trúarlífi í landinu, ef losað væri lítið eitt um hendur kirkju-

stjórnarinnar, svo sem athugasemdin gerir ráð fyrir. Hins vegar er og verður hjer um svo lítil fjárútlát að ræða, að þau gjöld, sem af athugasemdinni kunna að stafa, mega teljast hverfandi í samanburði við þann andlega hagnað, sem af þeim gæti komið til að leiða fyrir þjóðina.

Tillaga nefndarinnar við 14. gr. B. XII., 5 þús. kr. hækkun, er eins og liðurinn sýnir til endurnýjunar á húsbúnaði og rúmfatnaði kvennaskólans í Reykjavík. Hvorttveggja er orðið æðifornt og úr sjer gengið, og verður ekki komist hjá því að auka það og umbæta.

Liðurinn 14. gr. B. XIII. 7 leggur nefndin til að falli niður, þar eð hún hefir ekki komið auga á nein sjerstök rök, sem rjettlæti þessa fjárveitingu, eða nein nauðsyn sje á, að maður sá, sem hjer um ræðir, fari utan til þess að kynna sjer kenslu- og uppeldismál frekar en margur annar, sem að fræðslu ungmenna starfar.

Við 14. gr. XVIII. 4., styrkinn til að koma upp steyptum sundlaugum, vill nefndin hækka um 2 þús. krónur og telur ekki af veita. Fyrir þinginu liggja nú nokkrar umsóknir um styrkveitingu til sundlaugabyggingar, svo sem frá málfundafjelaginu »Framför« í Lýtingsstaðahreppi, til sundlaugarbyggingar við Steinstaðalaug í Skagafirði, ungmennafjelaginu í Svarfaðardal til sundlaugarbyggingar þar og ungmennafjelaginu »Eyfellingi« til sundlaugarbyggingar hjá Seljavöllum undir Austur-Eyjafjöllum, er þegar hefir varið æðimiklu fje og fyrirhöfn til að koma sundlaug þessari upp og sent þinginu allnákvæman uppdrátt af sundlauginni eins og fjelagið hugsar sjer hana fullgerða. Auk þess hefir nefndinni borist munnleg umsókn um dálítið aukinn styrk til sundlaugarinnar á Reykjum á Reykjabraut. Nefndin álítur því, að sá styrkur, sem hún hjer stingur upp á, muni síst reynast of hár til þess að styrkþegar fái þá upphæð, sem í athugasemdinni segir, 1/5 kostnaðar.

Þeirri ákvörðun athugasemdarinnar, að sundlaugar þessar sjeu hjeraðseign, vill nefndin breyta í það, að þær verði til afnota fyrir almenning. Gerir hún það með það fyrir augum, að sumar af sundlaugum þessum eru bygðar af ungmennafjelögum, sem hafa sýnt frábæran dugnað við það, eins og t. d. Ungmennafjelagið »Eyfellingur«. Og mundi það því mega teljast hagkvæmara og hollara, að sundlaug, þar sem svo stendur á, væri áfram í höndum þess ungmennafjelags eða fjelags, sem henni hefði komið upp, heldur en að hún yrði afhent hreppsnefnd til eignar og umráða, sem máske sinti henni lítið og ljeti hana falla í vanhirðu.

VI.

Við 15. gr. hefir nefndin, svo sem vænta mátti, gert flestar breytingartillögur, enda þótt þær nemi engan veginn hæstum upphæðum. Liðurinn 15. gr. 3. g. leggur nefndin til, að verði feldur. Þykir henni svo, sem þau útgjöld geti eigi talist bráðnauðsynleg. Og það því síður finst nefndinni viðfeldið, að háttv. Nd. skyldi samþykkja þessa fjárveitingu, þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að fella niður styrkinn til dr. Guðbrands Jónssonar fyrir svipað starf, er hann hefir þegar byrjað á í trausti þess styrks, sem hann hefir nú í gildandi fjárlögum. Styrkina í frumvarpinu til utanfarar nokkurra listamanna hefir

nefndin talið rjett að lækka nokkuð og jafna, þar eð hún telur það mjög svo erfitt og í reyndinni ókleift verk að meta það rjett, hver skuli hafa meira og hver minna. Jafnframt hefir nefndin talið rjett að bæta hjer inn í þennan lið jafnháum styrk til tveggja annara listamanna, er að dómi nefndarinnar eru ekki síður maklegir stuðnings en þeir, sem háttv. Nd. hafði tekið upp. Þá hefir og nefndin tekið upp 2000 kr. styrk til hljómsveitar Reykjavíkur. Nefndin lítur svo á, að þetta fyrirtæki, sem komið er á stofn mest fyrir áhuga, ósjerhlífni og dugnað eins manns, Sigfúsar organista Einarssonar, sje í alla staði virðingarvert og þess maklegt, að það verði ekki þegar í byrjuninni kæft niður aftur vegna vöntunar á skilningi og sæmilegum stuðningi. Upphæðin til þess að kaupa listaverk leggur nefndin til, að færð sje niður um helming, úr 4 þús. kr. í 2 þús. kr. Gerir hún það meðal annars með tilliti til þeirrar viðleitni, sem þingið hefir sýnt og sýnir enn á því að styðja listamenn vora á öðrum sviðum, eftir því sem fjárhagurinn þolir.

Á eftir 19. lið 15. greinar leggur nefndin til, að komi inn nýr liður, kr. 2500,00 til frú Bjargar Þorláksdóttur, í viðurkenningarskyni. Frúin hefir farið þess á leit, að hún fengi 3 þús. kr. styrk til þess að halda áfram að rita um lífeðlishvatirnar, uppruna þeirra, þróun og umbreytingar. Nefndin þykist ekki bær að dæma um það, hvilíka þýðingu slíkt rit kynni að hafa fyrir þjóð vora eða bókmentir. En hitt dylst nefndinni ekki, að kona þessi, sem fengið hefir tekna gilda doktorsdisputatiu við einhvern frægasta háskóla heimsins, Sorbonneháskólann á Paris, hefir með lærdómi sinum og dugnaði gert landi voru og þjóð stórfeldan sóma, sem er þess verður að vera viðurkendur, þó í litlu sje, af Alþingi.

Þá leggur nefndin til, að feld sje niður fjárveiting til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga, 2 þús. kr. Ræður þessum gerðum nefndarinnar aðallega það, að hún býst við því, að ef þessi fjárveiting fær að standa, þá muni bráðlega fleiri á eftir fara. Eins og kunnugt er, þá er svo ástatt um marga og allflesta af mentamönnum vorum hjer í höfuðstaðnum, sem embætti eiga að gegna, að þeir telja sig eiga erfitt með að lifa eingöngu af embættislaununum. Þeir mundu því þiggja það, fremur fleiri en færri, að Alþingi vildi veita þeim sjerstakan aukastyrk til ritstarfa, sjerstaklega á því sviði, er þeir sjálfir teldu sig færasta og hafa mesta þekking á. Og er því bágt að segja, þegar á annað borð er inn á þá braut komið, hvar numið verði staðar.

VII.

Búnaðarmálastjóri kom til nefndarinnar þess erindis að fá nokkurn styrk til að standast ferðakostnað dr. Fr. K. Reinsch við áframhaldandi rannsókn fiskivatna hjer á landi á næsta sumri. Taldi búnaðarmálastjóri rannsóknir þessar mjög nauðsynlegar. Um það vill nefndin engan veginn efast. En þar sem kostnaðurinn við þessar rannsóknir er, eftir því sem búnaðarmálastjóri ljet uppi, nálægt 5—6 þús. kr., sem sje aðeins ferðakostnaðurinn og áhaldaslit, og Búnaðarfjelaginu er, eins og fjárlagafrumvarpið sýnir, veitt allálitleg upphæð, þá er meiri hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að Búnaðar-

fjelaginu sjálfu geti ekki verið ofvaxið að standast þennan litla kostnað, sem hjer ræðir um, og eigi að gera það.

Athugasemdin við 16. gr. 3 leggur nefndin til, að feld verði niður. Telur hún bæði hollast og hentast, að búnaðarfjelögin sjálf ráði því, hvernig þau vilja verja þessum litla styrk, sem hjer ræðir um, án afskifta frá hálfu fjárveitingavaldsins. Telji þau það sjálf hentugra fyrir sig að verja þessum styrk til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelagsins, munu þau gera það. Álíti þau aftur á móti heppilegra að nota styrkinn öðruvísi, munu slíkar hömlur, sem í athugasemdinni felast, eigi gera annað en skapa óánægju með styrkinn.

Liðinn 16. gr. 20, til hafnarbóta í Ólafsvík, telur nefndin rjett að hækka til helminga, en falla — að minsta kosti í bili — frá kröfunni um framlag $^{2}/_{3}$ hluta kostnaðar frá hreppsfjelaginu. Það er bersýnilegt, að jafnfáment og fátækt hreppsfjelag, sem hjer á hlut að máli, hefir ekki það mikið lánstraust, að það geti fengið að láni svo mikla fjárhæð, sem því hefir verið ætlað að leggja fram til þessa fyrirtækis. Og þótt svo mikil fjárhæð væri fáanleg að láni, t. d. með ábyrgð ríkissjóðs, þá er það augljóst, að hreppurinn mundi ekki geta svarað vöxtum og afborgun af henni, á meðan verkið á svo langt í land að gefa nokkuð í aðra hönd. Öðru máli væri að gegna, þegar drægi á seinni hlutann með framkvæmd þessara hafnarbóta, þá gæti það miklu fremur talist eðlilegt og forsvaranlegt að gera hreppsfjelaginu að skyldu að leggja fram ríflega upphæð á móti ríkissjóðstillaginu, með því að þá væri að því komið, að hreppsfjelagið gæti farið að hafa tekjur af mannvirkinu.

Liðinn 16. gr. 21 vill meiri hluti nefndarinnar láta niður falla og rökstyður þá tillögu sína með því, að á síðasta þingi hafi verið gefin opinber og ótvíræð yfirlýsing um það, að hreppsnefndin í Hólshreppi mundi framvegis taka öldubrjótinn að sjer til viðhalds án nokkurs stuðnings frá ríkisins hálfu.

Liðinn 16. gr. 35 vill nefndin láta falla niður. Telur hún, ef hann fær að standa óhaggaður, að þá skapist þar með afleiðingaríkt og hættulegt fordæmi. Samkvæmt skrá, sem nefndin hefir í höndum, eru eftirstöðvar af lánum, sem einstakir hreppar hafa fengið úr viðlagasjóði, nú kr. 242425,64. Og fái hreppar þeir, sem hjer ræðir um, eftirgjöf á sínum lánum, er við því búið, að hinir aðrir hreppar, sem skulda viðlagasjóði, komi smátt og smátt í kjölfarið og fái sín lán eftirgefin líka, uns megnið af þessu útistandandi fje er ríkissjóði tapað.

VIII.

Við 17. gr. leggur nefndin til, að gerð sje ein breyting. Vill hún fella 5. liðinn niður, en setja í hans stað fjárveiting til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til þess að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og til að stofna ný sjúkrasamlög. Telur nefndin, að fjárveiting í þessu skyni komi að meira og almennara gagni heldur en sú fjárveiting, sem nú stendur í þessum 5. lið 17. gr. frv., auk þess sem það, eins og allir sjá, kostar ríkissjóðinn talsvert minna.

IX.

Við 18. gr. vill nefndin gera fáeinar breytingar. Leggur hún til, að tveimur nafnkendum konum sje inn í hana bætt. Er önnur þeirra hin alþekta skáldkona Kristín Sigfúsdóttir, sem segja má, að getið hafi sjer alment lof fyrir skáldrit þau, sem hún, þrátt fyrir erfið lífskjör, hefir látið frá sjer fara. Hin konan er Guðbjörg A. Þorleifsdóttir í Múlakoti í Fljótshlíð, sem á sama hátt hefir getið sjer mikinn og góðan orðstír, að minsta kosti um alt Suðurland, fyrir framúrskarandi alúð og óvenjulega mikinn árangur við blóma- og trjárækt, þrátt fyrir fátækt og viðvarandi heilsuleysi.

Þá vill og nefndin hækka lítið eitt styrkinn til Þórunnar Gísladóttur ljósmóður og gera hann jafnan og hjá júbilljósmæðrunum, sem á undan henni standa. Lítur nefndin svo á, að þótt kona þessi hafi ekki gegnt eiginlegum ljósmóðurstörfum fullkomlega eins lengi og hinar, þá hafi æfistarf hennar engan veginn verið ómerkara eða ógagnlegra en hinna, þar sem segja má, að hún hafi að mestu gegnt læknisstörfum í heilli sýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, um 12—13 ára skeið.

X.

Við 22. gr. vill nefndin gera tvöfalda breytingu. Vill meiri hluti hennar á aðra hlið fella lánsheimildina til Boga Þórðarsonar, til kaupa á nýtísku spunavjel. Og færir hann þau rök fyrir þessari tillögu sinni, að þar sem ríkissjóði beri skylda og nauðsyn til að hlynna að klæðaverksmiðjunni Álafossi, þá eigi það ekki við að styrkja samkepnisfyrirtæki á næstu grösum, sem hann telur þessa ullarverksmiðju Boga Þórðarsonar vera.

Hinsvegar vill nefndin bæta inn í grein þessa 12 þús. króna lánsheimild til Boga sýslumanns Brynjólfssonar, til þess að fá staðist kostnað af byggingu embættisbústaðar. Og er sú tillaga í fullu samræmi við gerðir síðasta þings í svipuðum kringumstæðum.

Hinna annara breytingartillagna nefndarinnar, sem hjer er ekki minst á, verður að einhverju getið í framsögunni.

Alþingi, 23. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm. Ingibjörg H. Bjarnason.

Guðm. Ólafsson. Einar Árnason.